

Fundargerð stofnfundar Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: VRÍI - húsi Verk- og raunvísindadeildar HÍ við Hjarðarhaga

Tími: 17. apríl 2009 kl. 14.00

Fundarstjóri: Hrund Ó. Andradóttir, dósent við HÍ

Þátttakendur: 19 skráðir stofnfélagar og 2 áhugamenn um stofnun félagsins og vonandi væntanlegir félagsmenn.

Dagskrá:

Fundur settur:

Hrund setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún stakk upp á að María J. Gunnarsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Síðan gaf hún Hilmar Sigurðssyni formanni undirbúningsnefndar orðið.

Skýrsla undirbúningsnefndar:

Hilmar rakti störf undirbúningsnefndar og aðdraganda stofnunar félagsins. Í undirbúningsnefndinni áttu sæti; Albert Svan Sigurðsson, Hilmar Sigurðsson, María J. Gunnarsdóttir, Ólafur Erlingsson og Sigurður M. Garðarsson. Núna eru liðin nær sex ár frá því að hugmyndin kviknaði fyrst að því að stofna félag áhugamanna um fráveitur og vatnsveitur á Íslandi. Slík félög hafa verið starfandi á hinum Norðurlöndunum og víðar til margra ára. Sveinn Torfi Þórólfsson, prófessor við NTU í Þrándheimi var aðalhvatamaðurinn að því að farið var af stað með undirbúninginn. Fyrsti undirbúningsfundur var haldinn haustið 2003 og á hann mættu 19 þátttakendur. Jafnframt hélt Sveinn Torfi erindi um “Urban Runoff in Cold Climate”. Þá var undirbúningsnefndin skipuð og hittist hún á nokkrum fundum árið 2004 til að vinna að tillögu að lögum félagsins. Þá um haustið átti að stefna að stofnfundi en þar sem allir voru mjög uppteknir á þessum tíma var því frestað. Það er svo ekki fyrr en haustið 2008 að ákveðið er að láta til skara skrifa með stofnun félagsins og ákveðið að stefna á stofnfund á vormánuðum 2009 og hafa jafnframt fræðslufund.

Á stofnfélagaskránni eru nú 41 einstaklingar og sýnir sá fjöldi að mikill áhugi er á félaginu og væntanlegri starfsemi þess. Hilmar taldi víst að VAFRÍ verði gróskumikið félag sem mun veita félögum sínum mikla fræðslu og ánægju og að því muni takast að framfylgja stefnumálum eins og þau eru skráð í tillögu að lögum félagsins en þar segir að hlutverk félagsins sé:

- a) Að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum.
- b) Að koma á bestu fánægri tækni við rekstur vatnsveitna og fráveitna
- c) Að stuðla að gerð ásættanlegs hönnunargrundvallar fyrir fráveitur og vatnsveitur og almennt að fullkomna aðferðir við hönnun þessara mannvirkja.
- d) Að auka þekkingu félagsmanna á vatns-og fráveitumálum með markvissum samskiptum, reglulegum fræðslufundum og skoðunarferðum.
- e) Að miðla þekkingu um vatns-og fráveitumál til almennings.
- f) Að vera stjórnvöldum innan handar um setningu laga og reglugerða og samningu staðla er varða vatns-og fráveitukerfi.

Allt eru þetta háleit markmið og Hilmar telur að líklega sé mikilvægasta markmiðið að auka þekkingu félagsmanna og þá sá þáttur að flytja þekkingu og reynslu eldri félaga til hinna yngri. Þekking og reynsla í vatns-og fráveitufraeðum verður víða til; hún safnast hjá þeim sem reka veitukerfin og hanna þau, þeim sem kenna við háskólana vatns-og fráveitufraeði, vinna hjá heilbrigðiseftirlit og fylgjast með gæðum á vatni og viðtökum eða útvega búnað til þessara mannvirkja. Á félagaskrá VAFRÍ eru fulltrúar frá öllum þessum starfshópum og sú þekking og reynsla sem þessir hópar búa yfir mun örugglega gera félagið að þeim stöðugt gefandi þekkingarbrunni sem ánægjulegt verður að sitja við sagði Hilmar að lokum.

Tillaga undirbúningsnefndar að lögum félagsins:

Tillaga að lögum félagsins hafði verið send til einstaklinga á stofnfélagaskrá og var borin upp til umræðu. Engar athugasemdir voru gerðar við hana og var hún borin undir atkvæði og samþykkt sem lög félagsins.

Kosning stjórnar og skoðunarmanns:

Samkvæmt lögum félagsins skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum sem eru kosnir á aðalfundi þess. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn, en kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár. Kjósa skal einn skoðunarmann úr hópi félagsmanna á árlegum aðalfundi félagsins.

Hilmar lagði fram tillögu undirbúningsnefndar að Pétri Kristjánssyni sem formanni félagsins til eins árs. Fundarstjóri auglýsti eftir fleiri tillögum en þær bárust ekki. Tillaga undirbúningsnefndar var samþykkt með handauppréttingum allra fundarmanna.

Hilmar lagði fram eftirfarandi tillögu undirbúningsnefndar að fjórum stjórnarmönnum til tveggja ára. Þau eru; Arndís Ósk Ólafsdóttir, Ásgeir Matthíasson, Brynjólfur Björnsson og Jónas Elíasson. Fundarstjóri auglýsti eftir fleiri tillögum en þær bárust ekki. Tillaga undirbúningsnefndar var samþykkt samhljóða.

María lagði fram tillögu að Hilmarí Sigurðsson sem skoðunarmanni félagsins og var hún samþykkt samhljóða.

Ákvörðun félagsgjalda:

Undirbúningsnefnd lagði til að félagsgjöld yrðu fyrir árið 2009 kr. 2000 og var það samþykkt.

Önnur mál:

Nýr formaður Pétur Kristjánsson bað um orðið. Hann þakkaði fyrir traust sem honum var sýnt og sagðist vonast til að hann stæði undir væntingum. Hann telur mikilvægasta hlutverk félagsins vera að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Lykilatriði í því er að auka þekkingu og miðla reynslu. Gríðarlega mikilvægt er að vernda þá sérstöðu sem við búum við að geta dreift ómeðhöndluðu drykkjarvatni í svo háum gæðaflokki sem raun ber vitni. Þar er aldrei of varlega farið og hefur sýnt sig að á undanförunum árum á tímum þenslu hefur verið sótt að verndarsvæðum vatnsbóla. Pétur nefndi einnig vatnsveitulögin frá 1991 og fráveitulög sem nýverið hefðu verið samþykkt og yrðu til mikilla bóta fyrir rekstur fráveitna.

Hilmar Sigurðsson sagði frá bréfi sem hann hafði fengið frá Sveini Torfa Þórólffssyni árið 2004. Bréfinu fylgdi gjöf til VAFRÍ sem var doktorsritgerð Viggó Marteinsen og ber hún heitið "Effects of anthropogenic activities on snow distribution and melt in an urban environment". Því miður hefur Hilmar ekki tekist að finna ritgerðina þrátt fyrir mikla leit. Sveinn lofaði að bæta úr þessum með því að senda nýtt eintak.

Gísli Karel benti á að mikilvægt væri að koma upp heimasíðu þar sem mætti koma fyrir ýmsu efni.

Fundarmenn töldu að mikilvægt væri að koma upp heimasíðu sem fyrst.

Að loknum stofnfundi hófst fræðslufundur og þar voru flutt tvö erindi:

1. Meðhöndlun ofanvatns; Sveinn Torfi Þórólffsson

Áður var litið á ofanvatn sem hreint vatn sem ekki væri nauðsynlegt að hreinsa fyrir losun. Núna er vitað um svo mikla mengun í þessu vatni, að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gæði viðtaka rýrni. Alvarlegustu mengunarþættirnir eru þungmálmar, eins og blý (Pb), kopar (Cu), sink (Zn), kvikasilfur (Hg), króm (Cr) o.fl. og svo ýmis lífræn örefni eins og PAH, sem kemur úr asfalti, dekkjasliti, lélegri brennslu eldsneytis, PCB sem gjarnan kæmi úr málningu og fl. Bæði PAH og PCB eru mjög krabbameinsvaldandi efni, og svo olía.

Sveinn Torfi skýrði frá skipulagslegum og tæknilegum aðferðum við meðhöndlun ofanvatns eins og t.d. á Urriðavatnssvæðinu í Garðabæ og á gamla flugvallarsvæðinu Fornebu í Oslóarfirði og víðar. Hann sagði einnig frá strangari kröfum í Noregi um losun yfirfallsvatns (blanda af skolpi og ofanvatni) og nefndi sem dæmi að Þrándheimsborg gæti búist við að lenda í þungum sektargreiðslum ef ekki yrði hætt að losa yfirfallsvatn í einn besta veiðistað Niðurárinna. Hann nefndi líka væntanlegar veðurfarsbreytingar og afleiðingar þeirra, hækkun hitastigs í andrúmsloftinu, hækkun sjávarstöðu og kraftmeiri hönnunarskúrir.

Að lokum svaraði Sveinn Torfi fyrirspurnum og afhenti VAFRÍ tvö rit að gjöf:

- a) Avskjærende ledningssystemer, utslippsarrangement og enkle rensemetoder – SATS – dagene í Stykkishólmi 26. – 28. Apríl 1984 eftir Svein Torfa Þórólfsson.
- b) Veiledning i klimatilpasset overvannshåndtering – Norsk Vann report 164/2008 eftir Lindholm, Endresen, Þórólfsson og Guttormsen.

2. Hönnunarskúrir og rennslisreikningar fyrir fráveitur á Íslandi; Jónas Elíasson

Jónas Elíasson hefur þróað aðferð til að ákvarða hönnunarskúra og skúrarunur fyrir mismunandi endurkomutíma út frá svonefndu 1M5 (mesta sólarhringsúrcoma með 5 ára endurkomutíma) gildi úrkomunnar á viðkomandi stað. Vegna árstíðabundinnar sveiflu úrkomunnar er aðein hægt að nota árshámörk til ákvörðunar á 1M5 - gildinu. Því þarf mjög langvarandi úrkomumælingar til að sæmileg nákvæmni fáiast. Ákvörðun á rennslí í fráveitukerfum byggist m.a. á því að skoða hvert afrennslistímabil fyrir sig, sumartíma, snjóbræðslutíma og hlákutíma. Rannsóknirnar hafa verið unnar í náinni samvinnu við Veðurstofu Íslands og hefur Jónas Elíasson unnið kort yfir 1M5 gildi fyrir allt landið. Ennfremur er til forrit hjá flestum ráðgjafastofum og sveitarfélögum sem reiknar hönnunarskúrir með gefnum varanda og endurkomutíma. Þá hafa verið unnin sérkort fyrir sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og á Reykjanesi. Með því hafa skapast handhægar og viðunandi hönnunarforsendur fyrir ofanvatnskerfi á þessum stöðum. Mikið verk er óunnið í þessu efni fyrir aðra hluta landsins. Kort og annað efni er birt á heimasíðu Vatnaverkefnafræðistofu H.Í.
http://www2.hi.is/page/vvhi_efni.

Fræðslufundi var lokið um kl. 17.00

Fundarritar: María J. Gunnarsdóttir